

**Bæjarráð Garðabæjar**

**Garðatorgi 7**

**210 Garðabæ**

Reykjavík, 25. júní 2018

Sótt er um leyfi til landmótunar lóða í austurhluta Urriðaholts sbr. samþykkt bæjarstjórnar þann 17. maí s.l. um auglýsingu á deiliskipulagstillögu.

Landmótun verður unnin í samræmi við skipulagstillögu og á sömu forsendum og gildir um áður útgefin leyfi til landmótunar í hverfinu.

Landmótun nú er m.a. liður í því að undirbúa gatna- og veituframkvæmdir næsta vetur þannig að lóðir gætu orðið byggingahæfar sumarið 2019.

Við landmótunina yrði jafnframt sprungur á svæðinu rannsakaðar nánar og metið hvort bregðast þyrfti við í samræmi við ákvæði deiliskipulagsins.

Nú þegar er búið að fjarlægja megnið af því efni á svæðinu þar sem efnisvinnsla fór fram en áætlað er að eftir séu um 100.000 m<sup>2</sup> af lausu efni innan alls áfangans. Fast efni verður síðan notað til byggingaframkvæmda og að hluta til unnið á svæðinu.

Verkfræðistofan Strendingur mun eins og áður hafa umsjón og eftirlit með jarðvegsframkvæmdum og áfram verður unnið á forsendum um sjálfbærni.


Virðingarfyllst,

f.h. Urriðaholts ehf.

Jón Pálmi Guðmundsson



**URRIÐAHOLT**





DEILISKIPULAG  
AUSTURHLUTA URRIDAHOLTS 1. áfangi

SKÝRINGARUPPDRATTUR

ÁT: 1:2000 - ÁS(1:2000)

ÚTGEFNA  
2025

DEILISKIPULAG

(90)1 02

